

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 17/2022

Fundarstaður: Furuhlíð 2, Skaftahlíð og á Teams

Fundartími: 9. nóvember 2022, kl. 14:00

Viðstaddir: Sif Ormarsdóttir, Björn Guðbjörnsson, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir (varamaður AJ), Pétur S. Gunnarsson, og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Helga Eyjólfsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir og Örvar Gunnarsson

1) Fundargerð nr. 16/2022

Fundargerðin samþykkt

2) Kynning á tillögum L-lyfjahóps

Einstaklingsbundin greiðsluþátttaka

Ekki gerðar athugasemdir við tillögur L-lyfjahóps og þær teljast því samþykktar

3) Fundur með heilbrigðisráðuneyti um fjárheimildir næsta árs

GIG segir frá fundi sem haldinn var í síðustu viku með heilbrigðisráðuneytinu um fjárheimildir í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Ráðuneytið óskaði eftir rökstuðningi fyrir því að auknar fjárheimildir þyrfti í fjárlögum næsta árs.

Kostnaður vegna leyfisskyldra lyfja hefur aukist að meðaltali um 10% ári þrátt fyrir að háar fjárhæðir hafi sparast með útboðum og stýringu á notkun. Í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir þessari aukningu auk þess sem sérstakt framlag vegna innleiðingar nýrra lyfja er tekið út. Hækkun kostnaðar stafar m.a. af vaxandi mannfjölda, verðhækkunum á immunoglobulinum og innleiðingu kostnaðarsamra lyfjameðferða.

Samstarf við hin Norðurlöndin í verðsamningum og innkaupum er vænlegasta leiðin að ná fram meiri hagræðingu í lyfjakaupum.

4) Önnur mál

Fundi slitið kl. 14:30